Úrval

ÚRVALSEFNI
VIÐ ALLRA HÆFI

ÁSKRIFTARSÍMINN ER
27022

FREEPORTKLÚBBURINN

Fundur verður haldinn fimmtudaginn 8. október kl. 20.30 í Safnaðarheimili Bústaðakirkju.

Rætt um vetrarstarfið.
Skemmtidagskrá.
Kaffiveitingar.

Stjórnin

SMÁAUGLÝSINGAR DV
MARKAÐSTORG TÆKIFÆRANNA

Þú átt kost á að kaupa og selja
allt sem gengur kaupum og sölum.
Bara að nefna það í smáauglýsingum DV,
hinu ótrúlega markaðstorgi tækifæranna.

Markaðstorgið teygir sig víða. Það er sunnanlands sem norðan, vestan sem austan, í bátum sem flugvélum, snjóbílum sem fólksbílum, hvarvetna er DV lesið. Einkamál. Já, það er margt í gangi á markaðstorginu, en um hvað er samið er auðvitað einkamál hvers og eins. Sumir borga með fínpressuðum seðlum. Menn nýkomnir úr banka? Þarf alls ekki að vera. Gætu hafa keypt straubretti á markaðstorginu daginn áður. Smáauglýsingar DV eru markaður með mikinn mátt. Þar er allt sneisafullt af tækifærum. Það er bara að grípa þau.

Þú hringir... 27022
Við birtum...
Það ber árangur!

Smáauglýsingadeildin er í Þverholti 11.
Opið: Mánudaga-föstudaga, 9.00—22.00
laugardaga, 9.00—14.00
sunnudaga, 18.00—22.00



DV
Frjáls, óháð dagblað
ER SMÁAUGLÝSINGABLAÐIÐ

Gylmir

Sandkorn

DV

115.000 tonna Trabant

„Af hverju aka ekki allir á Trabant?“ Þannig spyr Gunnar Ragnars, forstjóri Slippstöðvarinnar hf. á Akureyri, en með spurningunni lýsir hann áliti sínu á kínverskum skipasmíðaiðnaði. Dagur fór á stúfana til forstjórans út af þeim ótrúlegu fréttum að Kínverjar bjóða stálskip fyrir næstum ekki neitt. Trabantinn þarf annars ekki að taka þetta svo ýkja nærri sér. Kínverjar voru til að mynda að skila Norðmönnum 115.000 tonna flutningaskipi á dögunum. Tæplega hafa þeir frændur okkar tekið við neinu hrófatildri. Það verður fróðlegt að sjá sambærilegan Trabant á Oddeyrinni.

Skipulagðar eldgildrur

Nú er verið að byggja svo há íbúðarhús á Akureyri að slökkviliðið fengi við ekkert ráðið ef kviknaði í efst í húsunum. Það á einfaldlega ekki tæki sem ná svo hátt upp. Sama vandamál hefur velgt Hafnfirðingum og Garðbæingum undir uggum. Í Garðabænum uppgötvuðu menn það einnig að hraðahindranir, sem nú er í tísku að drita niður um allt höfuðborgarsvæðið, geta orðið til þess að slökkvilið komist alls ekki á brunastað fyrr en allt er brunnið. Þar sem þessar hindranir eru hæstar ná þær upp undir suma slökkvibílana.

Það má sjá þetta fyrir sér þar sem slökkvibíllinn er kominn með framhjólin yfir hindrunina og situr síðan



Það er svona álíka fyrir slökkvilið að horfa á bruna sem tæki þess ná ekki til eins og að lenda í því einstaka óláni að hafa slöngurnar til þerris í sjálfum eldinum.

fastur á malbikaðri eða jafnvel steyptri og flísalagðri upphækkun og lokar jafnvel götunni. Hann kemur ekki að miklu gagni á meðan við slökkvistörf. Og jafnvel þótt ekki fari svona illa í öllum tilfellum hljóta hraðahindranirnar að tefja verulega ferðir slökkviliðs á þungum bílum. En það þarf sjálfsagt „góðan“ bruna til þess að menn átti sig á þessu.

Slöngurnar í eldinum

Annars eiga slökkviliðsmenn víða í erfiðleikum oft á tíðum og þarf ekki tilbúna fjallvegi í þéttbýlinu til. Frægt varð þegar kviknaði í einni fiskimjölsverksmiðjunni. Slökkviliðið á staðnum var auðvitað ræst út í skyndi og slökkvibíllinn sóttur. Þegar grípa átti slöngurnar rann það upp fyrir slökkviliðsstjóranum að þær höfðu verið hengdar upp til þess að þurrka þær og auðvitað inni í fiskimjölsverksmiðjunni.

Sama slökkvilið var einhverju sinni kvatt út til þess að slökkva eld í íbúðarhúsi á staðnum. Þegar slökkvibíllinn var kominn miðja vegu niður að sjó til þess að ná í vatn festist hann og slöngurnar náðu því hvorki í sjóinn né að húsinu. Það stóð á endum að þegar bíllinn losnaði féll þakið á húsinu.

Í þungbæru starfi

„Það er erfitt að þurfa að aflífa þessar blessaðar skepnur,“ segir sláturhússtjórinn í Sláturhúsi KÞ á Húsavík í viðtali við Dag. Sá heitir Baldvin Baldursson og hefur raunar verið við þessa þungbæru sauðfjárslátrun síðan í lok síðustu heimsstyrjaldar. Hann er raunar búinn að skjóta svo margar kindur að núna er hann orðinn sama og heyrnarlaus. Það er margt manna bölið.

Flestir leigja á Akureyri

Samkvæmt vönduðum útreikningum Húsnæðisstofnunar ríkisins býr 21% Akureyringa í leiguhúsnæði og er það Íslandsmet. Það segir sig þá sjálft að færri búa í eigin húsnæði á Akureyri en almennt gerist. Þó er líkt ástand bæði á Vesturlandi og Vestfjörðum. 66% Akureyringa búa sem sagt í eigin húsnæði og 13% hjá ættingjum. Hér er átt við fólk á aldrinum 18–75 ára.

80% Sunnlendinga búa í eigin húsnæði og er það einnig Íslandsmet. Þar eru ekki nema 7% í leiguhúsnæði en 14% búa hjá ættingjum. Ættingjar á Austurlandi láta hins vegar ættingjana ekki troða sér inn á sig. Einungis 2% hefur tekist að smokra sér undir þak hjá ættingjum sínum fyrir austan, sem er glæsilegt Íslandsmet hjá ættingjunum.

Atvinnurekendur sjálfstæðastir

Þeir hjá Húsnæðisstofnun hafa komist að þeirri niðurstöðu að atvinnurekendur og sérfræðingar séu sjálfstæðastir Íslendinga í húsnæðismálum og búi 87% þeirra í eigin húsnæði, 10% leigi og aðeins 3% búi hjá ættingjum. Sjómenn og bændur eru í öðru sæti og ekki langt á eftir þeim fyrst nefndu. Þar næst koma iðnaðarmenn og þar á eftir þeir sem starfa við þjónustu og kennslu. Aðeins 64% verkafólks býr í eigin húsnæði. Samt eru ekki nema 12% þess sem leigir því 25% búa hjá ættingjum.


Umsjón:
Herbert Guðmundsson

Menning

DV

Tíð á sér tíma

Sýning Rúríar að Kjarvalsstöðum



Rúrí ásamt verki sínu „Safn“. **DV-mynd Brynjar Gauti**

Allt frá því hún rústaði gamla gullitaða Bensinum með sleggju á Lækjartorgi árið 1974, hefur Rúrí unnið að list sinni fyrir opnum tjöldum.

Í stórum dráttum má skipta þessari „opinberu“ listsköpun hennar í tvennt, í gjörninga, þar sem listakonan framkvæmir einhverja “aksjón“ eftir fyrirfram gefnum reglum ef til vill með þátttöku, eða að minnsta kosti þöglu samþykki, almennings, hins vegar þrívíð umhverfisverk eða skúlptúra á almannafæri.

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson

Í þessu hefur Rúrí verið í takt við áherslubreytingar í erlendri nýlist, án þess þó að bæta ýkja miklu við hana, nema þá á allra síðustu árum.

Það er í hinum „kosmísku“ umhverfisverkum sínum, það er verkum sem ganga að einhverju eða öllu leyti út frá náttúrlegum lögmálum sem mér finnst Rúrí hafa mest að sýna og segja.

Sum þessara verka, til að mynda „Glerregn“ (1984), „Regnbogi I“ (1983), „Regnbogi II“ (1984) og loks Flugstöðvarregnboginn, eru með áhrifamestu og frumlegustu myndverkum sem hér hafa verið gerð í seinni tíð.

Elja og verklagni

„Tími“ heitir sýning sem Rúrí heldur að Kjarvalsstöðum um þessar mundir og í tilefni hennar hefur hún gefið út þekkilega kilju með sama nafni.

Á sýningunni hefur hún dregið saman umhverfisverk sem heitir líka „Tími“ en það var upprunalega hengt upp í Sveaborg, grafiskar heimildir (dokumentasjón) um þrjú steypt umhverfisverk (í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi) og loks spánnýtt og umfangsmikið verk, „Safn“.

Allt ber þetta vitni heilmikilli elju og verklagni listakonunnar og vel má sjá í þeim öllum skírskotun til tímans.

En „tími“ er ansi afstætt og teygjanlegt hugtak. Verk Rúríar bera í sér tvíþætta skírskotun, til nánustu fortíðar í líki húsarústa og afdankaðra brúkshluta af haugunum, og (nánustu?) framtíðar, þegar kjarnorkusprengjan er búin að ganga frá afganginum af siðmenningunni.

Hvaða vídd

Þó get ég ekki að því gert að ég skynja ekki í þessum verkum Rúríar þá tragísku vídd og djúphyggju sem mér finnst tilheyra myndsýn af þessu tagi. Þá vídd er meðal annars að finna í verkum Jósefs heitins Beuys, en andi hans svífur yfir ýmsum þeim aðskotahlutum sem Rúrí hefur eignað sér.

Mér finnst sem sterkasti aflvaki þessara verka sé í rauninni nostalgían, eftirsjá eftir liðinni tíð, þegar hlutirnir voru ekki eins flóknir og ógnvekjandi og þeir eru í dag.

Jafnvel „Safn“, þar sem líkkistulaga kassar hafa verið smíðaðir utan um allslags drasl, er ekki tragískt verk heldur miklu fremur angurvært, segir af samhengisleysi hlutanna og óbrúanlegu bilinu milli nútíðar og fortíðar.

Sýning Rúríar að Kjarvalsstöðum stendur til 11. október nk. **-ai**